

Eiríkur Rögnvaldsson

Íslensk málrækt

Reykjavík 2021

Íslensk málrækt felst í því að ...

1. hafa í huga að í hverju tungumáli felast menningarverðmæti og við berum ábyrgð á framtíð íslenskunnar
2. gæta þess að umhyggja fyrir íslenskunni snúist ekki upp í þjóðrembu og andstöðu við önnur tungumál
3. skilja að íslenska er ekki merkilegri eða dýrmætari en önnur tungumál – nema fyrir notendur hennar
4. rækta með sér jákvætt viðhorf til málsins og skilning á gildi þess fyrir okkur sjálf og málsamfélagið
5. leitast við að orða hugsun sína skýrt og skipulega og vanda framsetningu bæði talaðs máls og ritaðs
6. velja máli sínu búning sem hæfir aðstæðum og viðmælendum eða lesendum – nota viðeigandi málsnið
7. kynna sér hefðir málsins sem best og taka mið af þeim, án þess að láta þær hefta eðlilega tjáningu
8. átta sig á að málið verður að henta málsamfélaginu á hverjum tíma og stöðnun í máli er ávísun á hnignun
9. hika ekki við að beita nýsköpun í máli – setja orð í nýstárlegt samhengi og búa til ný orð ef þeirra er þörf
10. sýna viðmælendum sínum virðingu og umburðarlyndi og leggja málnotkun þeirra alltaf út á besta veg
11. vera á verði gagnvart því að tungumálið sé misnotað með því að breyta merkingu orða í blekkingarskyni
12. sneiða hjá orðum og málnotkun sem getur verið særandi eða útilokandi fyrir ákveðna þjóðfélagshópa
13. ala ekki á málfarslegri stéttaskiptingu undir merkjum varðveislu og verndunar íslenskrar tungu
14. gera sér grein fyrir því að íslenska er alls konar og ýmis tilbrigði í máli auðga það en spilla því ekki
15. viðurkenna að tungumálið er ekki og á ekki að vera fullkomlega rökrétt, og krafa um það geldir málið
16. hneykslast ekki á málnotkun annarra eða vera sífellt að leiðrétta fólk og gera athugasemdir við málfar þess
17. hafna órökstuddum fordæmingum ýmissa tilbrigða, jafnvel þótt lengi hafi verið barist gegn þeim í skólum
18. forðast að fordæma tilbrigði í máli sem fólk hefur tileinkað sér á máltökuskeiði og eru hluti af málkerfi þess
19. líta ekki niður á fólk sem talar ekki „rétt“ íslensku og hreykja sér ekki af eigin málfari og málkunnáttu
20. skipta ekki yfir í ensku heldur nota íslensku í samskiptum við fólk sem vill og reynir að tala málið
21. láta aldrei skort á íslenskukunnáttu bitna á fólki eða nota hann til að mismuna því á ómálefnalegan hátt
22. tala sem mest við börn á máltökuskeiði, lesa fyrir þau og með þeim, og vera þeim góð málfyrirmynd
23. veita ungu kynslóðinni hlutdeild í málinu – láta hana finna að hún hafi eitthvað um íslenskuna að segja
24. krefjast þess og stuðla að því eftir mætti að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum, til allra þarfa
25. hlusta á íslensku, tala íslensku, lesa íslensku, skrifa íslensku – nota íslensku sem allra mest, á allan hátt

Íslensk málrækt felst í því að hafa það í huga að í hverju tungumáli felast menningarverðmæti og við berum ábyrgð á framtíð íslenskunnar

Talið er að um [sjö þúsund tungumál](#) séu nú töluð í heiminum. Rúm 40% þeirra, [tæp þrjú þúsund](#), eru talin í útrýmingarhættu og [tvö þúsund](#) af þeim eru töluð af færri en þúsund manns. UNESCO áætlar að meira en helmingur þeirra tungumála sem nú eru töluð muni deyja út fyrir lok þessarar aldar og hefur sett fram [áætlun um tungumál í hættu](#) (*Endangered Language Programme*) til að stuðla að varðveislu sem flestra mála vegna þess að í öllum þessum tungumálum felast ómetanleg menningarverðmæti.

Sérhvert tungumál er einstakt – orðaforði þess, setningagerð og hljóðkerfi er frábrugðið öllum öðrum tungumálum, merkingarblæbrigðin sem það getur tjáð geyma reynslu kynslóðanna og eru önnur en í öðrum málum. Tungumál sem deyr er að eilífu glatað – þótt við höfum um það miklar ritheimildir og upptökur, sem sjaldnast er (og [slík gögn eru forgengileg](#) eins og sannaðist átakanlega í bruna þjóðminjasafns Brasilíu haustið 2018), verður það aldrei endurvakið í sömu mynd því að tungumál lærist ekki til hlítar nema berast frá manni til manns – frá foreldrum til barna.

Samkvæmt [mælikvarða UNESCO um lífvænleik tungumála](#) er íslenska í fimmta og efsta styrkleikaflokki og er [örugg](#) (*safe*). Kvarði UNESCO byggist á nokkrum mælistikum og hingað til hefur verið talið ótvírætt að íslenska sé í efsta þrepi á þeim öllum. Til að komast í efsta þrepið þarf málið að vera notað af öllum aldurshópum, frá börnum og upp úr; vera notað af öllum íbúum málsvæðisins; vera notað á öllum sviðum og til allra þarfa; aðlagast nýjum notkunar sviðum; og eiga sér ritmál, rithefð, mállysingar, orðabækur, bókmenntir og fjölmiðla, og ritmálið þarf að vera notað í stjórnsýslu og menntun.

En ef til vill er ekki lengur alveg ljóst að íslenska nái efsta þrepi samkvæmt öllum viðmiðum. [Utanaðkomandi áreiti](#) á tungumálið hefur stóraukist á síðasta áratug, bæði af völdum þjóðfélagsbreytinga og tæknibreytinga. Þeim íbúum landsins sem ekki tala íslensku fer t.d. [ört fjölgaandi](#), og enskunotkun fer vaxandi á ýmsum sviðum, t.d. í [ferðapjónustu](#), [háskólakennslu](#), [viðskiptalífínu](#) og víðar. Jafnframt hafa komið fram vangaveltur um hugsanlega [truflun á máltöku](#) vegna ónógrar íslensku í málumhverfinu. Þá gæti alþjóðavæðingin haft áhrif á viðhorf málnotenda til íslenskunnar og valdið þannig auknum þrýstingi á hana.

Þar að auki er ekki víst að þessi viðmið dugi lengur til að mæla lífvænleik tungumála í því stafræna þjóðfélagi sem við búum nú í. Áhrif tungumála hvers á annað berast nú ekki eingöngu gegnum sambylí í raunheiminum, heldur ekki síður gegnum [stafrænt málsambylí](#) – net- og snjalltækjanotkun, áhorf á efni á erlendum efnis- og streymisveitum eins og YouTube og Netflix, spilun tölvuleikja á ensku o.fl., og langtímaáhrif þessara þátta eru óljós. Eitt er þó alveg ljóst: Það er okkar að sjá til þess að íslenskan lifi. Ef málnotendur hafa ekki áhuga á því að halda í málið og þar með þau menningarverðmæti sem það geymir er það dauðadæmt. Ábyrgðin er okkar.

Íslensk málrækt felst í því að gæta þess að umhyggja fyrir íslenskunni snúist ekki upp í þjóðrembu og andstöðu við önnur tungumál

Það er alkunna að tungumálið lék eitt aðalhlutverkið í [sjálfstæðisbaráttu Íslendinga](#). Allt frá upphafi baráttunnar snemma á 19. öld var áhersla lögð á íslenskuna og mikilvægi hennar fyrir íslenskt þjóðerni og þjóðarvitund, og iðulega var sett [samasemmerki](#) milli hnignunar tungumálsins og dvínandi þjóðerniskenndar. En þótt áhersla væri lögð á endurreisn tungunnar og hreinsun af dönskum áhrifum í tengslum við eflingu þjóðerniskenndar og baráttu fyrir auknum réttindum Íslendinga á 19. öld var baráttan einkum háð innanlands en ekki við dönsk stjórnvöld.

Á seinni hluta 19. aldar var verið að draga skarpari landamæri en áður víða um Evrópu og þjóðríki í nútímaskilningi voru að verða til. Víða lentu þá innan sama ríkis hópar og þjóðarbrot sem töluðu mismunandi tungumál. Til að tryggja einingu ríkisins lögðu stjórnvöld iðulega áherslu á eitt ríkismál, og bönnuðu jafnvel notkun annarra tungumála innan ríkisins. En dönsk stjórnvöld virðast aldrei hafa gert miklar tilraunir til að þröngva dönsku upp á Íslendinga.

Þvert á móti – [allt frá 17. öld](#) voru gefnar út ýmsar tilskipanir og konungsbréf sem ýmist heimiluðu eða mæltu fyrir um notkun íslensku á ýmsum sviðum stjórnsýslunnar. Öfugt við marga aðra minnihlutahópa innan ríkja þurftu Íslendingar því ekki að berjast sérstaklega fyrir því að fá að nota móðurmál sitt á flestum sviðum. Tungumálið var hins vegar sameiningartákn, réttlætning Íslendinga fyrir sérstöðu sinni og ekki síst notað til að leiða Íslendingum sjálfum fyrir sjónir hver sú sérstaða væri. Víða í Evrópu var tungumálið vígvöllur baráttunnar – á Íslandi var það [vopnið](#).

Það er eðlilegt og sjálfsagt að vilja veg íslenskunnar sem mestan. En stundum hefur umræða um hana borið keim af öfgafullri þjóðernisstefnu og hreinleiki málsins jafnvel verið [tengdur](#) hreinleika kynstofnsins. Á þessu [örlaði](#) á uppgangstíma nasismans á fjórða áratug síðustu aldar og [svipaðar raddir](#) hafa stöku sinnum heyrst á síðustu árum, einkum hjá forvígismönnum Íslensku þjóðfylkingarinnar.

En það er líka stutt frá áherslu á [íslenska þjóðmenningu](#) yfir í hugmyndir um yfirburði íslenskunnar yfir önnur tungumál. Slíkt má ekki viðgangast. Umhyggja fyrir íslenskunni er heilbrigð þjóðrækni sem við megum ekki láta víkja fyrir þjóðrembu, því að eins og Guðni Th. Jóhannesson [hefur sagt](#) „er þjóðrækni til fyrirmyndar en þjóðremba alls ekki. Hún felur í sér gorgeir og þótta í garð annarra, dramb og yfirlæti. Þjóðremba elur á óvild, þjóðrækni snýst um umburðarlyndi, víðsýni og náungakærleik“.

Um þessar mundir er mikið rætt um [aukna enskunotkun](#) á Íslandi og hugsanleg ensk áhrif á íslenskuna. Þessi umræða eru eðlileg og nauðsynleg en mikilvægt er að hún snúist ekki upp í andstöðu við ensku eða erlend mál yfirleitt. Enskan er [ekki óvinurinn](#) þótt því sé stundum [haldið fram](#). Enskan er alþjóðamál sem er mikilvægt að hafa á valdi sínu og það er gott að börn og unglingar [læri hana sem best](#). En hún má hins vegar ekki [valta yfir íslenskuna](#). Það er á okkar ábyrgð að svo verði ekki.

Íslensk málrækt felst í því að skilja að íslenska er ekki merkilegri eða dýrmætari en önnur tungumál – nema fyrir notendur hennar

Stundum er sagt að íslenska sé [dýrmætasta eign þjóðarinnar](#) og jafnvel heyrst sú skoðun að hún sé öðrum málum fremri á einhvern hátt. Árið 1926 flutti Sigurður Nordal prófessor erindi sem nefndist „Málfrelsi“ og birtist síðar í [Lesbók Morgunblaðsins](#). Fyrsti hluti þess nefnist „Hverjir eru sjerstakir yfirburðir íslenskunnar“ og þar segir:

„Því má halda fram með rökum, að íslenskunni sje margt stórvel gefið. Hún er gagnorð og þróttmikil, ljós og skýr, svo að hún fellur vel að rökfastri hugsun. Málfræðin er torveld, og mikil tamning að læra hana. Orðaforðinn er geysimikill á sumum sviðum. Þá er hún og skemmra komin frá frumlindum sínum en flestar aðrar tungur. Orðin eru ekki jafnslitið gangsilfur og annars gerist, auðveldara að nema hugsun þá, er hefir mótað þau í öndverðu, og hún er oft furðu spakleg. Þetta og annað fleira, hljóðvörp, viðskeyti og samsetningar, veldur grósku í málinu. Á íslensku er kostur meiri ritsnildar en á flestum öðrum tungum, ný orð spretta upp af sjálfum sjer til þess að láta í ljós nýjar hugsanir, og virðast þó vera gömul. Þau hlaupa í skörðin, sem af einhverri tilviljun hafa staðið opin handa þeim.“

Íslenskan er líka beintenging okkar við sögu og menningu þjóðarinnar fyrir á tímum. Við njótum þeirra forréttinda umfram flestar aðrar þjóðir að geta tiltölulega auðveldlega lesið texta allar götur frá upphafi ritaldar fyrir 900 árum, án þess að þeir séu þýddir á nútímamál. Ef íslenskan tekur róttækum breytingum, eða hættir að vera lifandi tungumál, missum við ekki bara bein tengsl við *Hávamál* og *Njálu*, heldur líka við *Íslenskan aðal* og *Íslandsklukkuna*, *Engla alheimsins* og *Kaldaljós*, og meira að segja Arnald og Yrsu. Þar með væri hið margrómaða [sanhengi í íslenskum bókmenntum](#) og menningu fokið út í veður og vind.

Þetta þýðir samt ekki að íslenskan sé eitthvað betri eða merkilegri en önnur tungumál. „Íslenskan er eins og við öll vitum, móðurmálið okkar og það ber okkur að varðveita hverja stund. En við eigum líka að bera virðingu fyrir öllum erlendum tungumálum og skilja að þau eru jafn dýrmæt og íslenskan er okkur“ er [haft eftir](#) Vigdísí Finnbogadóttur, og í framhaldi af því sem Sigurður Nordal skrifaði um kosti íslenskunnar og vitnað er til hér að framan [sagði hann](#): „En svo er um móðurmálið sem sumt annað, sem nákomnast er manni, að hverjum þykir sinn fugl fagur. Ef aðrar þjóðir færi að telja fram kosti sinna tungna, mætti íslenskan vara sig.“

Þetta er grundvallaratriði. Íslenskan er dýrmætasta mál í heimi fyrir okkur sem eigum hana að móðurmáli. Hún er hluti af okkur sjálfum, útrás fyrir tilfinningar okkar – ást og gleði, hatur og reiði, sorg og hryggð, vonir og þrár – en líka tæki okkar til sköpunar, miðlunar og frjórrar hugsunar. Tungumál sem við tileinkum okkur á máltökuskeiði, móðurmál okkar, er einkaeign okkar jafnframt því að vera sameign alls málsamfélagsins og í vissum skilningi alls mannkyns. Við berum ábyrgð á velferð þess – gagnvart málsamfélaginu og öllu mannkyni, en fyrst og fremst gagnvart okkur sjálfum.

Íslensk málrækt felst í því að rækta með sér jákvætt viðhorf til málsins og skilning á gildi þess fyrir okkur sjálf og málsamfélagið

Íslendingar hafa yfirleitt haft mjög jákvætt viðhorf til móðurmálsins og oft er lögð áhersla á að það [geri okkur að þjóð](#) – sé réttlætning okkar fyrir sjálfstæði og grundvallarþáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar. Hugsanlega er þetta þó eitthvað að breytast. Í bókinni *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk* hefur Guðmundur Hálfðanarson haldið því fram að „náttúran sé að taka við af tungumálinu og menningunni sem helsta viðmið íslenskrar þjóðernisstefnu – eða mikilvægasta tákni þess sem gerir okkur að Íslendingum og greinir okkur frá öðrum þjóðum“.

Ekki eru þó allir [sannfærðir](#) um þetta, en hvað sem því líður virðist unga kynslóðin ekki líta á tungumálið sem jafnmikilvægan þátt í [sjálfsmynd sinni](#) og þau sem eldri eru, og ýmsar vísbendingar eru um að hún hafi ekki jafnjákvætt [viðhorf til málsins](#). Á þessu eru eflaust margar skýringar. Ein er sú að [málfræðikennsla](#) í grunn- og framhaldsskólum er ekki sérlega vel til þess fallin að auka áhuga á íslenskunni. Sama máli gegnir um áherslu [samræmdra prófa](#) á rétt mál og rangt, málfræðilega greiningu o.þ.h.

Önnur ástæða er [alþjóðavæðingin](#). Ungt fólk nú á dögum sér allan heiminn sem leiksvið sitt – það vill geta lært, starfað og [búið erlendis](#) og veit að íslenskan gagnast því lítið utan Íslands. Ef ekki verður heldur hægt að nota málið [alls staðar á Íslandi](#), og jafnvel ekki inni á heimilinu í samskiptum við [stafræna aðstoðarmenn](#) og önnur tölvustýrð tæki, er hætt við að unga kynslóðin missi trú á íslenskuna og gagnsemi hennar.

Í íslenskuhluta aðalnámskrár framhaldsskóla frá 1999 [segir](#): „Með íslenskukennslu í framhaldsskólum skal stuðlað að því að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til íslensku og kynnist áhrifamætti og margbreytileika málsins.“ Þetta er mikilvægt, því að í erlendum rannsóknnum hefur verið sýnt fram á að [viðhorf málnotenda](#) til móðurmáls síns, ekki síst viðhorf ungu kynslóðarinnar, ræður miklu um framtíðarhorfur málsins. En skeytingarleysi í garð íslenskunnar virðist því miður vera of útbreitt.

Auðvitað drepur það ekki íslenskuna þótt hún sé höfð á eftir ensku á [skiltum í Leifsstöð](#). Auðvitað drepur það ekki íslenskuna þótt [auglýsingar í búðargluggum](#) séu eingöngu á ensku. Auðvitað drepur það ekki íslenskuna þótt einhver fyrirtæki sendi starfsmönnum [tölvupóst sem er eingöngu á ensku](#). Auðvitað drepur það ekki íslenskuna þótt fjöldi verslana [auglýsi](#) „Black Friday“, „Cyber Monday“ og „Singles Day“. En það sýnir, meðvitað eða ómeðvitað, ákveðið viðhorf til íslenskunnar – viðhorf sem smitar út frá sér og gerir meiri skaða en við áttum okkur á í fljótu bragði.

Gildi íslenskunnar fyrir okkur sjálf og íslenskt málsamfélag er ómetanlegt eins og hér hefur [áður verið lýst](#). Ef unga kynslóðin missir trú á málinu og hættir að vera annt um það er það dauðadæmt. En dauðastríð íslenskunnar yrði langt og sársaukafullt, bæði fyrir málsamfélagið og okkur sem eigum hana að móðurmáli. Þess vegna þurfum við að leggja megináherslu á að skapa [jákvætt viðhorf til íslenskunnar](#) – sjá til þess að hún sé nothæf, og notuð, á öllum sviðum. Það er á ábyrgð okkar allra.

Íslensk málrækt felst í því að leitast við að orða hugsun sína skýrt og skipulega og vanda framsetningu bæði talaðs máls og ritaðs

Meginhlutverk tungumálsins er að vera [samskiptatæki](#). En þessu tæki er hægt að beita á mismunandi hátt eins og öðrum tækjum, og eins og með önnur tæki má gera ráð fyrir því að bestur árangur náist ef því er beitt af þekkingu, á markvissan og hnitmiðaðan hátt. Við náum betur til áheyrenda eða lesenda ef við vöndum uppbyggingu setninga, veljum viðeigandi orð og tölum skýrt en ef setningagerðin er ruglingsleg, orðanotkun ómarkviss og framburður óáheyrilegur.

Frágangur bæði ritaðs og talaðs máls skiptir líka máli. Ritaður texti sem er fullur af hvers kyns frávikum – óvenjulegri beygingu, ritvillum, ósamræmi, óhefðbundinni notkun orðasambanda o.s.frv. er ekki traustvekjandi. Sama gildir um talað mál þar sem framburður er mjög óskýr eða kæruleysislegur, erlendar slettur notaðar í óhófi, o.s.frv. Mál af þessu tagi truflar margt fólk og veldur því að boðskapurinn kemst ekki til skila, vegna þess að áheyrendur eða lesendur festast í forminu og láta það leiða athyglina frá merkingunni.

Þess vegna er mikilvægt að lesa ritaðan texta sem maður sendir frá sér vandlega yfir – huga vel að beygingu, fallstjórn, beygingarsamræmi, orðavali, stafsetningu, setningagerð og greinarmerkjum. Einnig þarf að huga að samræmi í leturgerð, leturstærð, línubili o.þ.h. Þetta á auðvitað sérstaklega við um texta sem fólk birtir opinberlega á einhvern hátt, á prenti eða á netinu, ritgerðir sem nemendur skila, o.fl. Reyndar er það þannig eftir tilkomu samfélagsmiðla að fólk skrifar miklu oft en áður texta sem kemur fyrir [augu margra](#).

Við þennan yfirllestur er um að gera að nýta sér hvers kyns hjálpargögn, bæði á bók og rafræn. Úrval slíkra hjálpargagna hefur stórauðist á síðustu árum og aðgengi að þeim batnað. Þar má ekki síst nefna vef Árnastofnunar, [Málið.is](#). Þar er flett upp í sjö gagnasöfnum í einu; [Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls](#), [Íslenskri nútímamálsorðabók](#), [Íðorðabankanum](#), [Málfarsbankanum](#), [Íslensku orðaneti](#), [Íslenskri stafsetningarorðabók](#) og [Íslenskri orðsifjabók](#). Beinir hlekkir eru á öll þessi gagnasöfn nema það síðasttalda.

[Risamálheildin](#) er safn sem hefur að geyma hátt á annan milljarð orða úr fjölbreyttum textum, einkum frá síðustu árum. Hægt er að leita í textunum á margvíslegan hátt, svo sem eftir málfræðilegri greiningu. Sama leitarviðmót er á safni íslenskra [forntexta](#). Að auki má nefna [Ritmálssafn Orðabókar Háskólans](#) með dæmum úr textum allt frá 1540, [ÍSLEX – íslensk-norrænar orðabækur](#), [Íslensk-danska orðabók Sigfúsar Blöndal](#), [Hugtakasafn Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins](#), [Nýyrðavef Árnastofnunar](#), íslenskar [ritreglur](#), og [íslenska forn málsorðabók](#) með dönskum og enskum skýringum. Öll framantalin gögn eru opin og ókeypis á netinu.

Auk þessa er [Snara](#) sem greiða þarf áskriftargjald fyrir. Þar er m.a. [Íslensk orðabók](#), [Íslensk samheitaorðabók](#), [Mergur málsins](#) og orðabækur milli íslensku og ýmissa erlendra mála – dönsku, ensku, þýsku, frönsku, spænsku, ítölsku og pólsku. Til viðbótar má vísa á kver Ólafs Oddssonar, [Gott mál](#); [Pistla](#) Jóns G. Friðjónssonar; og [Ritgerðasmíð](#) eftir Eirík Rögnvaldsson. Það er mikilvægt að vita um þessi hjálpargögn, læra að nota þau, og nýta sér þau reglulega. Kæruleysisleg umgengni við íslenskuna, hvort heldur er í ræðu eða riti, er engum til sóma.

Íslensk málrækt felst í því að velja máli sínu búning sem hæfir aðstæðum og viðmælendum eða lesendum – nota viðeigandi málsnið

Þótt alltaf sé sjálfsagt að [vanda mál sitt og framsetningu þess](#) er nauðsynlegt að hafa í huga að hvort tveggja þarf ævinlega að laga að aðstæðum – haga orðavali, setningagerð, talhraða o.fl. eftir því sem við teljum viðeigandi hverju sinni. Orðið [málsnið](#) er notað um þetta heildaryfirbragð málsins. [Stíll](#) er skylt hugtak en tengist fremur einstaklingum, tilteknum bókmenntategundum o.þ.h. – talað er um stíl Halldórs Laxness, Íslendingasagnastíl, Biblíustíl o.s.frv. Við lærum mismunandi málsnið smátt og smátt og skiptum oftast nokkuð ósjálfrátt milli þeirra þótt vissulega komi fyrir alla að nota stundum rangt eða óviðeigandi málsnið.

Málsnið mótast ekki síst af miðlinum – hvort málinu er miðlað í rituðu formi eða töluðu. Það er margs konar munur á dæmigerðu málsniði ritmáls og dæmigerðu málsniði talmáls – yfirleitt er ritmál talið mun formfastara en talmál aftur frjálsslegra. Skilin þarna á milli hafa þó dofnað verulega á seinni árum, fyrst með tilkomu tölvupósts og síðar bloggs og samfélagsmiðla þar sem málsnið er mun óformlegra en venjulegt er á prenti.

Annar mótandi þáttur er vettvangurinn. Málsniðið er ólíkt eftir því hvort við erum að spjalla við fjölskylduna inni á heimilinu, vinnufélagana í kaffitíma, tala við lækni undir fjögur augu, flytja fyrirlestur á ráðstefnu frammi fyrir fjölda áheyrenda, skrifa vinnutengdan tölvupóst til samstarfsfólks, skrifa pistil í dagblað, eða skrifa á samfélagsmiðla. Markmið okkar skiptir líka máli – erum við að spjalla um heima og geima, skiptast á skoðunum, gefa fyrirmæli, fræða, reka áróður, eða eitthvað annað. Allt kallar þetta á mismunandi málsnið.

Síðast en ekki síst mótast málsniðið mótast að sjálfsögðu af þátttakendum í samskiptunum. Konur tala og skrifa að einhverju leyti öðruvísi en karlar, unglingar tala og skrifa öðruvísi en fullorðið fólk, menntun fólks getur haft áhrif á málfar þess, staða þess í þjóðfélaginu líka, og áhugi á að fylgja [málstaðli](#). En viðmælandinn eða markhópurinn mótar líka málfar okkar. Við tölum öðruvísi við afa og ömmu en við jafnaldra okkar, við tölum öðruvísi við kennarann en skólasystkini okkar, við skrifum öðruvísi texta í skólaritgerð en á samfélagsmiðla, o.s.frv.

Munur málsniða birtist í ýmsum þáttum – orðavali, setningagerð, framsögn, fylgni við málstaðal o.fl. Hinn óopinberi íslenski [málstaðall](#) miðast við formlegt ritmál en í óformlegu málsniði, dæmigerðu og eðlilegu talmáli, bregður oft fyrir ýmsum tilbrigðum í beygingum og setningagerð sem ekki samræmast staðlinum. Honum er hins vegar iðulega beitt til að leggja mat á málfar sem fylgir öðru málsniði. Það leiðir til þess að mörgum finnst formlegt ritmál hin eina rétta íslenska, en önnur málsnið einhvers konar óæðri frávik.

En þannig er það auðvitað ekki. Óformlegt mál er ekkert síðri íslenska en formlegt, talmál er ekkert síðri íslenska en ritmál. Óformlegt talmál getur verið vandað og viðeigandi þrátt fyrir ýmis frávik frá málstaðli og formlegt ritmál getur verið óvandað, knosað og klúðurslegt, jafnvel þótt málstaðli sé fylgt út í æsar. Málvöndun felst ekki síst í því að velja sér málsnið við hæfi. Með því móti komum við boðskap okkar best til skila og sýnum viðmælendum eða lesendum virðingu.

Íslensk málrækt felst í því að kynna sér hefðir málsins sem best og taka mið af þeim, án þess að láta þær hefta eðlilega tjáningu

Tungumálið er [samskiptatæki](#) – gerir okkur kleift að miðla upplýsingum milli fólks og menningu milli kynslóða. Til að það þjóni þessum tilgangi er mikilvægt að í því ríki festa – að notendur málsins geti treyst því að aðrir noti málið á um það bil sama hátt, í samræmi við [íslenska málhefð](#). Framburður, beygingar, orðaröð, merking, föst orðasambönd – allt eru þetta þættir sem sæmilegt samkomulag verður að vera um meðal málnotenda. Að öðrum kosti er hætt við að úr verði misskilningur eða skilningsleysi og þar með hættir málið að geta gegnt hlutverki sínu.

Þess vegna þurfum við að leggja áherslu á að börn tileinki sér hefðir málsins sem best á [máltökuskeiði](#), með því að tala sem mest við þau, lesa fyrir þau og með þeim, láta þeim í té efni á íslensku til að hlusta og horfa á. En tileinkun hefða heldur áfram eftir máltökuskeiðið – þótt festa sé komin á málkerfið sjálft höldum við áfram á unglingsárum og fram eftir aldri, raunar alla ævi, að læra ný orð og ný orðasambönd og átta okkur á ýmsum venjum og blæbrigðum í notkun orða, viðeigandi [málsniði](#) o.s.frv.

Þótt hefðirnar séu mikilvægar þýðir það ekki að þær séu óbreytanlegar, eða við eigum að láta þær njörva okkur niður. Hefð er eðli málsins samkvæmt samkomulagsatriði. Ef málsamfélagið kemur sér saman um að breyta hefð þá breytist hún. Þetta er auðvitað dálítið erfitt viðfangs vegna þess að um þetta „samkomulag“ eru aldrei greidd atkvæði og það er hvergi skráð. En ef hópur málnotenda er farinn að beita málinu á einhvern annan hátt en áður hefur tíðkast – beygja orð öðruvísi, nota orð í annarri merkingu en áður, o.s.frv. – þá er orðin til ný hefð, ný [málvenja](#).

Fyrri hefð er samt enn í fullu gildi enda er ekkert því til fyrirstöðu að mismunandi hefðir – mismunandi málvenjur – séu uppi í málsamfélaginu á sama tíma. Það er ekkert að því að hópur fólks segi *mig langar* en annar hópur *mér langar*, eða hópur fólks segi *vegna byggingar hússins* en annar hópur *vegna byggingu hússins*, o.s.frv. Vissulega geta orðið árekstrar milli hefða, og einhver misskilningur getur skapast stöku sinnum. En fólk sem notar málið samkvæmt nýju hefðinni kannast oftast við þá eldri, og notendur þeirrar eldri átta sig oftast á þeirri nýju þegar hún fer að breiðast út – þótt vissulega sé ekki víst að þeir felli sig við hana.

Meginatriðið er að mismunandi málhefðir geta lifað hlið við hlið langtímum saman án þess að það valdi vandkvæðum, og án þess að ástæða sé til að gera upp á milli þeirra. Hefðirnar eru vissulega mikilvægar og almennt séð æskilegt að halda í þær. En ef tiltekin málhefð stríðir gegn máltilfinningu verulegs hluta málnotenda og er farin að hefta eðlilega tjáningu – þrengja svigrúm okkar til að nota málið á lifandi hátt þannig að það þjóni samfélaginu – þá er hún orðin til bölvunar. Það er ekkert að því að [breyta málstaðlinum](#) og gefa úreltar hefðir upp á bátinn.

Íslensk málrækt felst í því að átta sig á að málið verður að henta málsamfélaginu á hverjum tíma og stöðnun í máli er ávísun á hnignun

Þótt mikilvægt sé að [halda í hefðir málsins](#) er ekki síður mikilvægt að málið þróist með samfélaginu til að það geti gegnt hlutverki sínu sem [samskiptataeki](#). Við þurfum sífellt að vera að endurskoða skilgreiningu okkar á orðum og notkun þeirra. Mörg orð sem áður þóttu góð og gild eru það ekki lengur vegna breyttra hugmynda eða samfélagsgerðar. Fæstum dettur í hug núorðið að nota *fáviti* um fólk (nema sem skammaryrði), og sama gildir um *negri*, *vangefinn* og mörg fleiri orð. Þarna er mikilvægt að tungumálið lendi ekki á eftir samfélagsþróuninni eða verði dragbítur á hana.

Eitt af því sem tungumálið þarf að endurspegla er [staða kynjanna](#) og jafnréttisviðhorf samtímans. Í íslensku er málfræðilegt karlkyn [ómarkað](#) (hlutlaust) og þess vegna segjum við *Enginn má yfirgefa húsið* þótt við vísum til blandaðs hóps karla og kvenna, og við segjum líka *Allir tapa á verðbólgunni* án þess að meina að það séu bara karlmenn í þeim hópi. Í þessu felst ekki nein karlremba eða útilokun kvenna – svona virkar tungumálið bara, og fyrir því eru [sögulegar ástæður](#). Kyn í málfræði og kynferði fólks er [tvennt aðskilið](#) og þarf ekki að fara saman.

En þrátt fyrir það er ljóst að tengslin þarna á milli eru mjög sterk í huga fólks, og margar konur upplifa slíka notkun karlkyns sem [útilokandi](#) – finnst ekki vísað til sín og vilja nota [hvorugkyn](#) fleirtölu í staðinn, t.d. *Engin mega yfirgefa húsið*, *Öll tapa á verðbólgunni*. Sama gildir um [kynsegin](#) fólk sem skilgreinir sig ekki sem (eingöngu) annaðhvort karlkyns eða kvenkyns. Síðarnefndi hópurinn er líka ósáttur við að til sín sé vísað með fornafninu *það* – finnst það lítilsvirðandi og niðurlægjandi. Þess í stað hefur verið [tekið upp](#) nýtt hvorugkyns þriðju persónu fornafn, *hán*, til að nota þegar vísað er til fólks í þessum hópi.

Það koma vissulega upp ýmis [álitamál](#) við breytingar af þessu tagi. Notkun karlkyns sem ómarkaðs kyns er svo inngróin í málið að henni verður ekki auðveldlega breytt. Fornöfn eru líka einn grunnþáttur málkerfisins og það er meira en að segja það að taka upp nýtt fornafn. Það er líka óljóst [hvernig slíkar breytingar geti orðið](#). Eiga þær að vera sjálfsprottnar meðal málnotenda, þannig að það sé látið ráðast hvort þær breiðast út og ná að lokum yfirhöndinni – eða á að reyna að koma þeim á með einhvers konar stýringu, og þá hvaðan og hvernig?

Hvað sem þessu líður er bráðnauðsynlegt að íslenskan komi til móts við breytt viðhorf, bæði á þessu sviði og öðrum. Annars vegar er það nauðsynlegt vegna málnotendanna. Tungumálið er ekki undanþegið jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum – það á ekki að mismuna fólki eða úthýsa því. Hins vegar er þetta nauðsynlegt vegna tungumálsins sjálfs. Líf íslenskunnar veltur á því að málnotendur tengi sig við hana, finnist hún vera sitt mál. Þess vegna þarf hún að breytast og endurnýja sig til að þjóna þörfum samfélagsins á hverjum tíma, eins og hún hefur alltaf gert. Hún þolir það alveg – og við þurfum að leyfa henni það.

Íslensk málrækt felst í því að hika ekki við að beita nýsköpun í máli – setja orð í nýstárlegt samhengi og búa til ný orð ef þeirra er þörf

Öll nýsköpun í máli er einhvers konar frávik frá [hefð](#). Við þurfum sífellt á nýjum orðum að halda til að geta talað um það sem er í gangi í samfélaginu á hverjum tíma – hugtök og fyrirbæri í hugmyndum, tækni, vísindum, bókmenntum, listum, félagsmálum og hvar sem er. Þess vegna er öflug [nýyrðastarfsemi](#) mikilvæg fyrir velferð íslenskunnar og nauðsynlegt að hlúa að henni og efla eftir mætti – bæði skipulegu [íðorðastarfi](#) ýmiss konar [orðanefnda](#) og [virkri orðasmíð](#) almennra málnotenda.

Vitanlega er engin hefð fyrir þessum nýju orðum í upphafi, enda [amast](#) fólk oft við þeim – er *skólaforðun* tækt orð? Er hægt að vera *lyfjaður*, *verkjaður* [og vímaður](#)? Má kalla *brauðrist* *ristavél*? Á ekki frekar að tala um *kvenforseta* en [konuforseta](#)? Um þetta deilir fólk oft og vissulega [tekur tíma](#) að setta sig við nýtt orð – [haft er eftir](#) Halldóri Halldórssyni prófessor að það þurfi að segja nýtt orð sextíu sinnum til að venjast því. Sum ný orð sem fara á flot eru líka [klúðursleg](#) eða óheppileg af einhverjum sökum – en viljum við samt ekki frekar fá íslensk orð en taka erlend orð beint upp?

Skáld og rithöfundar stunda líka ýmiss konar mállega nýsköpun, bæði með nýyrðasmíð og með því að setja orð í nýstárlegt samhengi. Orðasmíð þeirra er ekki endilega vegna þess að orð vanti, þótt mörg rómuð [nýyrði](#) Jónasar Hallgrímssonar séu vissulega þess eðlis, heldur ekki síður til að auðga og endurnýja málið. Í samtímanum kemur þetta t.d. sérlega vel fram í [skáldsögum](#) Hallgríms Helgasonar og [textum](#) Braga Valdimars Skúlasonar sem eru ótrúlega hugkvæmir orðasmiðir. Slík nýjungagirni er forsenda þess að viðhalda íslensku sem frjóu bókmenntamáli.

Börn eru yfirleitt ekki í vandræðum með að tala um fyrirbæri sem þau þekkja ekki heiti á – þau búa bara til [sín eigin orð](#). Það er mikilvægt að ýta undir þennan sköpunarkraft en berja hann ekki niður þótt orðin sem börnin búa til séu ekki mynduð eftir hefðbundnum orðmyndunarreglum, eða séu óþörf vegna þess að hefð sé fyrir öðrum orðum í þessari merkingu. En þótt við tökum orðmyndun barnanna vel má það ekki koma í veg fyrir að við kynnum þeim [hefðir málsins](#) – komum því varlega á framfæri að tiltekið orð sé til og kannski væri betra að nota það, að venja sé að orða eitthvað á tiltekinn hátt og kannski sé betra að halda því áfram, o.s.frv.

En nýsköpun í máli felst einnig í margs kyns [aðlögun málsins](#) að samfélags- og tæknibreytingum, breyttum viðhorfum o.s.frv. Breyttir samskiptahættir og tækninýjungar kalla líka á ný [málsnið](#). Samfélagsmiðlum fylgir t.d. málsnið sem er í eðli sínu ritmál en einkennist þó af undirbúningsleysi, hraða og örum lotuskiptum eins og talmál. Þessu fylgja ýmis einkenni eins og skammstafanir og styttingar, kæruleysi um stafsetningu o.þ.h. Á síðustu árum hefur svo notkun [tjáknna](#) (*emoji*) bæst við, og fleira mætti telja. Meginatriðið er að íslenskan er og verður að vera lifandi mál sem getur lagað sig að breyttum aðstæðum. Það er á okkar ábyrgð að gefa henni tækifæri til þess og skapa henni skilyrði til þess.

Íslensk málrækt felst í því að sýna viðmælendum sínum virðingu og umburðarlyndi og leggja málnotkun þeirra alltaf út á besta veg

Tungumálið er félagslegt fyrirbæri – langsamlega mikilvægasta samskiptatæki okkar við annað fólk. Þess vegna má íslenskan ekki staðna, heldur þarf að vera lifandi og [laga sig](#) að þörfum samfélagsins á hverjum tíma. Hún verður að þola [tilbrigði](#) í framburði, beygingum og setningagerð, og að [ný orð](#) komi inn í málið og gömul orð fái [nýja merkingu](#). Hún má ekki verða [einkaeign](#) ákveðinna hópa, og það má ekki nota hana og tilbrigði í beitingu hennar til að [mismuna](#) fólki eða skipa því í andstæðar fylkingar.

Við megum ekki láta það bitna á fólki á nokkurn hátt að það talar ekki nákvæmlega sömu íslensku og við. Það má ekki vera þannig að einhverjum hópum eða einstaklingum í samfélaginu finnist íslenskan [ekki gera ráð fyrir sér](#), og það má ekki heldur vera þannig að einhverjum finnist gert lítið úr því máli og þeirri málnotkun sem þau eru alin upp við eða hafa vanist. Í allri umgengni okkar við íslenskuna þurfum við að hafa [umburðarlyndi, virðingu og tillitssemi](#) við annað fólk að leiðarljósi.

Furðu oft virðist það talið íslenskunni til framdráttar að misskilja viljandi málnotkun annarra eða leggja hana út á verri veg. Innlegg í málfarsumræðu á samfélagsmiðlum og athugasemdadálkum vefmiðla ganga t.d. iðulega út á það að setja inn setningar þar sem setningagerðin býður upp á fleiri en eina túlkun, ekki síst fyrirsagnir úr fjölmiðlum, og [snúa út úr](#) þeim. Oftast er samt enginn vafi á því við hvað er átt, og einbeittan brotavilja þarf til að misskilja setningarnar. Hótfyndni er ekki málrækt.

Málið er fullt af margræðni. Ótalmargt sem við segjum má túlka á fleiri en einn veg, ef viljinn er fyrir hendi. Við tökum hins vegar sjaldnast eftir því vegna þess að málskynjun okkar síar ólíklegu merkingarnar frá. Við skiljum setningar út frá aðstæðum, og aðstæðurnar – hvort sem það eru einhver málleg atriði, þekking okkar á viðmælanda og viðfangsefni, ytra umhverfi, eða eitthvað annað – duga venjulega til að útiloka aðrar merkingar en þá sem viðmælandi lagði í það sem hann sagði.

Öllum verður okkur á – við mismælum okkur, segjum einhverjar ambögur, notum rangt eða óviðeigandi orð, eða víkjum á annan hátt frá hefðbundnu og viðurkenndu málfari. Það er ekki í þágu íslenskunnar að gera mikið úr slíku, nota það til að niðurlægja mælandann eða hreykja sjálfum sér. Það er bæði í þágu málnotenda og málsins að frávik frá því sem okkur kann að þykja rétt eða viðeigandi mál og málnotkun séu lögð út á besta veg.

Íslenskan er nefnilega alls konar. [Íslenska með hreim](#) er líka íslenska. *App* er líka íslenska. *Mér langar* er líka íslenska. *Hán* er líka íslenska. *Það var hrint mér* er líka íslenska. Vissulega ekki nákvæmlega sú íslenska sem ég ólst upp við í norðlenskri sveit fyrir sextíu árum eða svo, en það gefur mér engan rétt til að fordæma íslensku annarra eða líta niður á hana og telja [mína íslensku](#) réttari eða betri.

Íslensk málrækt felst í því að vera á verði gagnvart misbeitingu stjórnvalda og annarra valdamikilla afla á tungumálinu í blekkingarskyni

Í hinni frægu skáldsögu *1984* eftir George Orwell er kynnt tungumálið „nýlenska“ ([newspeak](#)) þar sem valdhafar afbaka tungumálið í því augnamiði að stýra hugsun þegnanna. Í þessu tungumáli er merkingu orða iðulega hliðrað til eða snúið á haus. Jónas Kristjánsson ritstjóri skrifaði [marga beitta pistla](#) um beitingu íslenskra ráðamanna á þess háttar tungutaki, og Sigurður Pálsson skáld vísaði til þess í [ræðu](#) árið 2014 þar sem hann sagði „grafalvarlegt hvernig ráðamenn hafa [...] stöðugt afvegaleitt tungumálið, ráðist inn í samband orðs og merkingar á skítugum skónum, reynt að rjúfa og brengla samband orðs og merkingar“.

Sem dæmi um þetta má nefna þegar [farið var að nota](#) orðið *gengisbreyting* um það sem áður var alltaf kallað *gengislækkun* og hafði á sér neikvæðan blæ. Þegar samningar um aðild Íslands að Evrópusambandinu voru í gangi notuðu andstæðingar aðildar orðið *aðlögunarviðræður* sem þýðingu á *accession negotiations*, en stuðningsmenn aðildar töldu það ranga þýðingu og vildu tala um *samningaviðræður* eða *aðildarviðræður*. Eitt af skýrustu dæmum undanfarinna ára er svo *leiðréttingin* sem ríkisstjórnin 2013-2016 notaði um stórfellda færslu fjármagns úr ríkissjóði til fólks sem hafði verið með verðtryggð húsnæðislán. Ótal önnur dæmi úr íslenskri stjórn mála-umræðu síðustu ára mætti nefna.

En það eru ekki bara stjórn málamenn sem [misbeita tungumálinu](#) á þennan hátt. Haustið 2019 svaraði biskup Íslands [spurningu](#) um áhrif þess að kristinfræði sé ekki lengur kennd í skólum með því að segja „Það hefur orðið siðrof held ég“. Í umræðu [eftir á](#) sagði biskup að með þessu ætti hún ekki við siðleysi heldur „rof við siðinn sem við höfum lifað eftir um aldir á Íslandi“. Þótt ekki sé ástæða til að hafna þessari eftiraskýringu liggur í augum uppi að með þessari notkun orðsins er meðvitað eða ómeðvitað verið að leiða áheyrendur á villigötur – orðið *siðrof* kallar í huga áheyrenda á hina venjulegu og alþekktu merkingu orðsins, ‘upplausnarástand’.

Skýr dæmi um [misnotkun tungumálsins](#) í því skyni að afvegaleiða umræðuna er að finna í [yfirlýsingu](#) útgerðarfyrirtækis vegna kórónuveirusmits um borð í togara fyrirtækisins haustið 2020. Þar var t.d. sagt „Því miður fórst það fyrir“ að tilkynna grun um smit. Að *farast fyrir* merkir að eitthvað hafi gleymst eða lent í útideyfu – ekki að það hafi vísvitandi verið hunsað. Einnig var hvað eftir annað talað um „mistök“ þar sem augljóslega var um meðvitaða vanrækslu og hugsanlega lögbrot að ræða.

En misbeiting tungumálsins kemur ekki bara fram í orðanotkun – hún getur líka komið fram í setningagerð. Þannig er þolmynd iðulega notuð í stað germyndar til að draga athygli frá gerendum, einkum þegar um afbrot eða mistök er að ræða – sagt t.d. „[Konu hrint fram af svölum](#)“ og „[Mistök voru gerð](#)“. Gerendum er þannig skýlt á bak við andlitslausa þolmynd og þeirri tilfinningu laumað inn hjá fólki, meðvitað eða ómeðvitað, að um óhappatilvik sé að ræða frekar en ásetningsbrot. Látum ekki tungumálið ganga í lið með gerendum – notum germynd þar sem við á, ekki þolmynd. Germynd er fyrir gerendum.

Íslensk málrækt felst í því að sneiða hjá orðum og málnotkun sem getur verið særandi eða útilokandi fyrir ákveðna þjóðfélagshópa

Í 65. grein [Stjórnarskrár](#) Lýðveldisins Íslands segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættarnis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Þetta þýðir auðvitað líka að það má ekki nota tungumálið til að [mismuna](#) fólki eftir þeim þáttum sem þarna eru taldir – eða einhverjum öðrum. Það er samt oft gert.

Víða erlendis er niðrandi orðalag um fólk af ákveðnum uppruna eða húðlit alþekkt. Vegna þess hversu einsleitir íbúar Íslands hafa verið til skamms tíma hefur þetta ekki verið mikið vandamál hér, en það gæti breyst. Fyrir fáum árum varð t.d. töluverð umræða um orðið *múlatti* sem [notað](#) var í dagblaði um Obama þáverandi forseta Bandaríkjanna. [Bent var á](#) að þetta væri orð sem þætti niðrandi núorðið og væri ekki við hæfi í opinberri umræðu.

Ýmis orð sem áður voru notuð um fatlað fólk þykja nú [óviðeigandi](#) og önnur orð eru komin í þeirra stað. En vandinn er sá að nýju orðunum hættir til að verða líka fordómafull og óviðeigandi smátt og smátt. Það er mikilvægt að breyta orðanotkun og útrýma gildishlöðnum og niðurlægjandi orðum eins og *fáviti*, *aumingi*, *vitfirringahæli* o.s.frv., en það dugir þó skammt ef hugarfarir breytist ekki. Meðan fordómar í garð tiltekins hóps eru ríkjandi í samfélaginu munu þeir alltaf hengja sig á orðin sem notuð eru um þennan hóp. Hverfi fordómarnir úr samfélaginu hverfa þeir líka úr málnotkuninni.

Þetta sést vel á orðum eins og *hommi* og *lesbía*. Það er ekki langt síðan þessi orð voru mjög niðrandi og máttu t.d. ekki heyrast [í útvarpi](#). Málvöndunarmenn reyndu að „hafa vit fyrir“ samkynhneigðu fólki og [lögðu til](#) að nota í staðinn orðin *hómi* og *lespa*, og auk þess nafnorðin *kynhvörf* og *kynhvarfi* og lýsingarorðið *kynhvarfur*. Það var ekki von að samkynhneigt fólk sætti sig við að það væri [talað niður](#) til þess á þennan hátt. Það hélt sig við orðin *hommi* og *lesbía* og með breyttu hugarfari í garð samkynhneigðra hefur staða þessara orða líka breyst, þannig að nú þykja þau góð og gild í almennri umræðu.

Það er ekki síst mikilvægt að huga vel að orðanotkun þegar talað er við og um börn. Ég þekki menni sem fæddist með ákveðna fötlun sem olli háni ýmsum óþægindum og hugarangri. Þegar efnt var til leitar að [fegursta orðinu](#) í íslensku fyrir nokkrum árum sagðist hán ekki vera í vafa um hvaða orð hán myndi velja sem ljótasta orð málsins. Það var lýsingarorðið *vanskapaður*. Þetta orð heyrði hán stundum notað um sjálf sig þegar hán var barn og tengir ýmsar óþægilegar minningar við það.

Vitanlega kemur það stundum fyrir okkur að nota orðalag sem einhver áheyrandi eða lesandi tekur nærri sér. En sé ljóst að það sé ekki af ásetningu, heldur þekkingar- eða hugsunarleysi, tekur fólk það yfirleitt [ekki illa upp](#). Stundum er við hæfi að biðjast afsökunar en aðalatriðið er að muna þetta næst. Íslenskan á það ekki skilið að hún sé notuð til að meiða fólk.

Íslensk málrækt felst í því að standa gegn málfarslegri stéttaskiptingu undir merkjum varðveislu og verndunar íslenskrar tungu

Tilbrigði í máli hafa lengi verið heldur illa séð á Íslandi. Þar sem mismunandi málvenjur hafa verið uppi hefur verið lögð áhersla á að hampa einni þeirra sem réttari en segja hinar „rangt mál“. Þetta gildir á flestum sviðum málsins – í beygingum, fallstjórn, orðaröð, setningagerð og merkingu orða. Dæmin eru [svo mörg og svo vel þekkt](#) að óþarfi er að tilgreina þau hér. Eina svið málsins sem hefur sloppið að mestu við þessa samræmingartilburði er framburður. Vissulega lagði Björn Guðfinnsson fram [tillögur](#) að samræmingu framburðar um miðja síðustu öld en þeim var ekki hrundið í framkvæmd, þótt ómögulegt sé að segja hvað hefði orðið ef Birni hefði enst aldur til að fylgja þeim eftir.

Þótt óneitanlega hafi borið við að [grín sé gert](#) að sumum framburðartilbrigðum hafa þau sjaldnast verið talin beinlínis röng. Ekki er ólíklegt að þetta stafi af því að tilbrigðin tengdust flest tilteknum landsvæðum og fólk greip til varna fyrir sitt hérað. Þau fáu tilbrigði sem hafa leyft á öðrum sviðum, svo sem í beygingu og merkingu, hafa flest verið af þessu tagi – tiltekin beyging eða merking orðs [tengist ákveðnu landsvæði](#) og er þess vegna frekar umborin. Einu framburðartilbrigði, „flámælinu“ svokallaða, var þó reynt að [útrýma](#) skipulega – með ýmsum aðferðum sem sumar hverjar þættu ekki við hæfi nú. En það var einmitt ekki bundið einu tilteknu landsvæði heldur kom upp á nokkrum stöðum á landinu – og sum þeirra landsvæða voru ekki hátt skrifuð meðal þeirra sem réðu mestu í menntun og menningarlífi.

Fólk sem ræður yfir tungumálinu ræður yfir þjóðfélaginu og andstaðan við tilbrigði er í grunninn pólitík. Hún beinist gegn máli þeirra sem eiga undir högg að sækja, þeirra sem eru ekki í valdastöðum í þjóðfélaginu. Þess vegna eru landshlutabundin tilbrigði viðurkennd og jafnvel hampað – þau eiga sér þingmenn. En málbrigði sem einkum eru bundin við ungt fólk og fólk sem er lítið menntað, af erlendum uppruna, eða stendur af einhverjum sökum höllum fæti í þjóðfélaginu eiga sér enga þingmenn. Þess vegna eru þau fordæmd og voru iðulega – þótt það sjáist sem betur fer sjaldan í seinni tíð – tengd við [leti](#), [seinfærni í námi](#), [greindarskort](#) og [höfuðborgarsvæðið](#).

Með þessu er hvorki verið að segja að öll málvöndun sé af hinu illa né að fólk sem amast við tilbrigðum í máli sé meðvitað að reyna að halda öðrum niðri. Því fer fjarri. Þvert á móti er enginn vafi á að flestum sem gera athugasemdir við málfar og beita sér gegn málbreytingum gengur gott eitt til og vilja fyrst og fremst vernda og varðveita íslenskuna. En andstaða við tilbrigði í máli sem fólk hefur iðulega tileinkað sér á máltökuskeiði er ekki rétta aðferðin til þess. Sú andstaða fletur og geldir málið, auk þess sem hún ýtir undir málfarslega mismunun og stéttaskiptingu. Í rannsóknum undanfarinna áratuga hafa komið fram skýrar vísbendingar um [tengsl](#) ákveðinna fordæmdra málbrigða hjá börnum við menntun og þjóðfélagsstöðu foreldra. Það er alvarleg þróun sem við þurfum að vinna gegn í stað þess að ýta undir hana.

Íslensk málrækt felst í því að gera sér grein fyrir því að fjölbreytni í máli er kostur og ýmis tilbrigði auðga málið en spilla því ekki

Okkur [hættir til að halda](#) að sú íslenska sem við erum sjálf alin upp við, hvert og eitt, sé betri og réttari en sú sem fólk af öðru landshorni eða á öðrum aldri talar, og okkur hættir til að telja að annað en það sem við þekkjum sjálf eða erum vönust sé rangt. Um þetta má t.d. sjá fjölmörg dæmi í málfarshópum á samfélagsmiðlum þar sem er daglegt brauð að fólk setji inn dæmi um eitthvert orð eða orðalag sem það hefur heyrt eða séð og kannast ekki við – oftast til að furða sig eða hneykslast á því, ef ekki fordæma það. Iðulega er þó um að ræða orð eða orðalag sem er gamalgróið í málinu, en e.t.v. bundið við ákveðinn landshluta eða aldurshóp, eða hefur látið undan síga fyrir öðru afbrigði.

Það er líka mjög algengt að fólk hafi áhyggjur af því að tiltekið orð sé að útrýma öðru sem hafi verið hefðbundið að nota um sama fyrirbæri. Ég hef til dæmis margoft séð fólk gera athugasemdir við orðið *snjóstormur* sem ekki er sagt vera íslenska en fullyrt að sé á góðri leið með að útrýma orðunum *hríð*, *bylur* og ýmsum öðrum sem fólk tilfærir. Vissulega má segja að það sé vont ef gömul og góð orð víkja fyrir nýjungum, en þegar að er gáð kemur yfirleitt í ljós að því fer fjarri að eldri orðin, þau sem fólk hefur áhyggjur af, séu að hverfa úr málinu. Þau eru oftast mun algengari en nýju orðin – en við tökum frekar eftir nýjungum en því sem við erum vön.

Ný orð geta auðgað málið, og það geta setningafræðilegar breytingar líka gert. Sambandið *getur hafa virðist koma fram á 19. öld* og var áður iðulega [leiðrétt](#) í *hefur getað* – en merking þessara tveggja sambanda er hreint ekki sú sama, enda lifa þau hlið við hlið. Svipað má segja um sambandið *vera að gera eitthvað*, en iðulega er [amast](#) við aukinni notkun þess í setningum eins og *Þeir voru að spila vel* og *Ég er ekki að skilja þetta í stað Þeir spiluðu vel* og *Ég skil þetta ekki*. En nýja afbrigðið útrýmir ekki hinu eldra, heldur bætist við, enda er merkingin [ekki alveg sú sama](#). Það má þess vegna halda því fram að þessar nýjungar geri okkur kleift að tjá fíngerðari merkingarblæbrigði en áður var hægt.

Fólk hefur það stundum á móti [nýjungum](#) í máli, bæði nýjum orðum og nýjum setningagerðum, að þær séu óþarfar og [segist](#) vera „á móti því að breyta málinu nema þörf sé á því“. Þó er iðulega [lögð áhersla](#) á mikilvægi þess að íslenska sé „auðugt og blæbrigðaríkt mál“. Þetta kemur ekki alveg heim og saman. Nýjungar í máli eru iðulega óþarfar, strangt tekið, en þær [auðga](#) samt málið – gera okkur kleift að tjá sömu hugsun á mismunandi hátt. Í íslensku hafa alla tíð verið margs konar [tilbrigði](#) – í framburði, orðafari, beygingum, setningagerð og merkingu. Slík tilbrigði eru eðlileg og mikilvæg í lifandi máli. Íslenskan er nefnilega alls konar – fögnum fjölbreytileikanum!

Íslensk málrækt felst í því að viðurkenna að tungumálið er ekki og á ekki að vera fullkomlega rökrétt, og krafa um það geldir málið

Ein [algengasta röksemd](#) sem beitt er gegn nýjungum og tilbrigðum í máli er að þau séu **ekki rökrétt**. Að margra áliti er það hin endanlegi dómur yfir tilbrigðum og gefur ótakmarkað veiðileyfi á þau. Meðal þess sem er talið „órökrétt“ er að segja *loka hurðinni* vegna þess að *hurðin* sé fleki sem lokast ekki – *dyrunum* sé lokað; tala um að *fara erlendis* vegna þess að *erlendis* merki dvöl á stað, ekki hreyfingu til staðar; segja að *verslunin opni klukkan 9* vegna þess að *verslunin* sé ekki gerandi – einhver opni hana; segja *hún kynnti Svein fyrir þessari nýjung* vegna þess að *Sveinn* kynntist *nýjunginni*, ekki öfugt; tala um *nýslátrað kjöt* vegna þess að *kjötinu* sé ekki slátrað, heldur *dýrinu* sem það er af.

Það væri auðvelt að tína til margfalt fleiri af sama tagi, og það væri líka auðveldlega hægt að vísa í fjölda heimilda um að amast hafi verið við þessum atriðum á þeim forsendum að þau séu ekki rökrétt en það er óþarfi – þið þekkið þetta örugglega öll. Sumt af þessu byggist reyndar á misskilningi á merkingu orða. Það er t.d. ljóst að *erlendis* hefur [alla tíð](#) getað merkt bæði ‘í útlöndum’ og ‘til útlanda’. Sömuleiðis merkir *slátra* ekki bara ‘drepa’ heldur ‘lóga dýri til matar og tilreiða kjöt og innmat í því skyni’. En þetta er ekki aðalatriði málsins, heldur hitt að tungumálið er ekki, hefur aldrei verið, og **á ekki að vera** rökrétt. Tungumálið er samskiptakerfi sem hefur þróast í hundruð þúsunda ára og mótast af alls konar aðstæðum á tilviljanakenndan hátt. Í ljósi sögunnar væri mjög undarlegt ef það væri fullkomlega „rökrétt“.

Tungumálið þarf hins vegar að vera nothæft sem [samskiptatæki](#) og til þess þarf að vera sæmilegt samkomulag í málsamfélaginu um form þess og beitingu. En forsenda þess samkomulags er ekki að málið sé „rökrétt“. Hin „órökréttu“ tilbrigði eru nefnilega yfirleitt miklu merkilegri og áhugaverðari en svo að það sé hægt að vísa þeim út í hafsauga sem tilviljanakenndum rökleysum, „[málvillum](#)“. Þvert á móti – í flestum tilvikum er hægt að sýna fram á, eða a.m.k. leiða rök að því, að tilbrigðin stafi af því að málnotendur eru – ómeðvitað – að leita að kerfi. Máltílfíning þeirra finnur eitthvað athugasvert við það sem hefur verið talið „rétt“, finnst það ekki falla almennilega að því málkerfi sem þeir hafa komið sér upp, og leitast við að bæta úr því.

Sú hugmynd eða krafa að tungumálið eigi alltaf að vera **rökrétt** ber vott um djúpstæðan en almennan misskilning á eðli tungumálsins. Hún er vond vegna þess að hún er röng. En hún er líka vond vegna þess að hún vinnur gegn tungumálinu. Hún bannar málnotendum að leita betra samræmis í málkerfi sínu og eykur þannig á óstöðugleika sem á endanum getur ýtt undir málbreytingar í stað þess að hamla þeim. Og síðast en ekki síst – hún hamlar hvers kyns nýsköpun, frjórri hugsun, og leik með tungumálið. Tungumál sem væri fullkomlega rökrétt væri óbærilega leiðinlegt. Þá gætum við eins talað forritunarmál.

Íslensk málrækt felst í því að hneykslast ekki á málnotkun annarra eða vera sífellt að leiðrétta fólk og gera athugasemdir við málfar þess

Hnökrar á málfari náungans hafa lengi verið vinsælt umræðuefni Íslendinga. Leiðréttingar á algengum „[málvillum](#)“ hafa verið eitt helsta viðfangsefni [málfarspistla](#) í blöðum, haldið hefur verið úti [bloggsíðum](#) með það að megintilgangi að gagnrýna og leiðrétta málfar fólks, og á Facebook er [hópur](#) með rúmlega átta þúsund þátttakendum þar sem flest innlegg snúast um hneykslun og leiðréttingu á málfari. Reyndar byggjast þær athugasemdir sem þar eru gerðar iðulega á fordómum, [útúrsnúningum](#) eða þekkingarskorti á málfræði og þekktum [tilbrigðum](#) í málinu.

Það er engin kurteisi að gera óumbeðnar athugasemdir við málfar annarra – slíkar athugasemdir eru [iðulega til bölvunar](#) og geta leitt til þess sem Stefán Karlsson [kallaði](#) „[málóttá](#)“, þar sem málnotendur veigra sér við „að tjá sig í riti, þó ekki sé nema í sendibréfi, eða að taka til máls á opinberum vettvangi, því að þeir óttast að brjóta þá bannhelgi orða og orðmynda, sem þeim hefur verið innrætt. Eftir því sem amazt er við fleiru, eftir því verður nemendum torveldara að muna hvað talið er óæskilegt, og þetta eykur á óöryggi málnotandans gagnvart því máli sem er þó hans eigið móðurmál og getur gert það fátæklegra eða annarlegra en vera þyrfti“.

Þetta á við um leiðréttingar sem gerðar eru í persónulegum samskiptum við fólk sem er komið af [máltökuskeiði](#) og á íslensku að móðurmáli. Öðru máli gegnir hins vegar um fólk sem kemur fram á opinberum vettvangi og hefur atvinnu af því að nota málið í ræðu eða riti. Við eigum kröfu á að það fólk vandi sig og beiti málinu af kunnáttu og þekkingu. Það er ekkert að því að benda á það sem betur má fara í máli þess, en mikilvægt er að gagnrýnin beinist að málfarinu, ekki málnotandanum.

Alkunna er að á máltökuskeiði gera börn ýmsar villur í málnotkun, sé miðað við mál fullorðinna. Þekkt er t.d. að börn beygja [sterkar sagnir veikt](#) og segja *hlaupaði, bítti, látti* í stað *hljóp, beit, lét* o.s.frv. Það er ekkert óeðlilegt að foreldrar leitist við að leiðrétta börnin, þótt rannsóknir sýni reyndar að beinar leiðréttingar [skili litlu](#). Árangursríkara er að [hafa réttar myndir](#) fyrir börnunum, en aðalatriðið er þó að sjá til þess að þau hafi [næga íslensku](#) í málumhverfi sínu – í samtali, lestri, hlustun og áhorfi. Þá koma réttu myndirnar oftast inn í mál þeirra fyrr en seinna, þótt vissulega geti stundum eitthvað breyst í máltökunni.

Fólk sem ekki á íslensku að móðurmáli gerir vitanlega ýmiss konar [villur](#) þegar það er að læra málið. Vissulega má halda því fram að því sé greiði gerður með því að leiðrétta þessar villur – það flýti fyrir því að það nái fullu valdi á málinu en festist ekki í óeðlilegu eða röngu málfari. Þetta er samt vandmeðfarið og viðhorf þeirra sem eru að læra málið til slíkra leiðréttinga er misjafnt – sumir taka þeim fegins hendi en öðrum finnst þær stuðandi. Áður en farið er að leiðrétta málfar fólks er þess vegna er æskilegt að reyna að komast að því hvort það vilji láta leiðrétta sig – og virða óskir þess.

Íslensk málrækt felst í því að hafna órökstuddum fordæmingum ýmissa tilbrigða, jafnvel þótt lengi hafi verið barist gegn þeim í skólum

Þótt engin lög séu til um form íslenskrar tungu er til óopinber málstaðall um rétt mál og rangt, gott og vont. Þessi málstaðall er hvergi skráður en heildstæðasta mynd af honum er hægt að fá með því að skoða [Málfarsbankann](#). Samkvæmt staðlinum á ekki að skrifa *mér langar* heldur *mig langar*, ekki *við hvorn annan* heldur *hvor við annan*, ekki *eins og mamma sín* heldur *eins og mamma hennar*, ekki *ég er ekki að skilja þetta* heldur *ég skil þetta ekki*, ekki *báðir tónleikarnir* heldur – ja, hvað? [Hvorir tveggja tónleikarnir? Hvorirtveggju tónleikarnir?](#) Hver segir það eiginlega?

Það er enginn vafi á því að fyrra („ranga“) afbrigðið í hverri tvennd er málvenja margra – í sumum tilvikum örugglega meirihluta þjóðarinnar. En þrátt fyrir að um sé að ræða útbreiddar málbreytingar, flestar áratuga eða jafnvel alda gamlar, njóta þær ekki viðurkenningar sem [vönduð íslenska](#). Til að hafna þeim er beitt ýmsum missterkum og missannfærandi rökum sem sum hver standast alls ekki. Ég hef þó grun um að ein röksemd sem ég hef hvergi séð orðaða beint sé mjög oft undirliggjandi hjá þeim sem amast við tilbrigðum. Hana mætti orða svona: **Þetta er rangt af því að það hefur verið kennt svo lengi að það sé rangt.**

Vitanlega réttlætir það ekki vitleysu að hún hafi lengi verið höfð fyrir satt. En það má vel halda því fram að mikilvægt sé að festa ríki í málsamfélaginu og ekki sé hringlað með viðmið. Ef búið er að kenna áratugum saman að eitthvað sé rangt – þrátt fyrir að það sé eðlilegt málfar fjölda málnotenda – geti skapast óreiða og lausung í málinu ef það er allt í einu viðurkennt sem rétt mál. Þetta valdi vandræðum í kennslu og ýti undir þá hugmynd að það sé alveg sama hvernig fólk tali og skrifi. Þetta er sjónarmið margra og ástæða til að taka það alvarlega og bera virðingu fyrir því. En ég held að það sé rangt.

Ég held þvert á móti að einstrengingslegt bann við tilbrigðum sem verulegur hluti – jafnvel meirihluti – málnotenda elst upp við og notar í daglegu lífi sé miklu frekar til þess fallið að skapa óvissu og óreiðu í málnotkun en viðurkenning þessara tilbrigða. Það er hins vegar annað sem þarf að hafa í huga ef viðmiðum er breytt og farið að viðurkenna eitthvað sem áður hefur verið talið rangt. Við erum nefnilega föst í því, mörg hver, að [dæma fólk](#) eftir málfari – eftir því hversu vel það fylgir þeim viðmiðum sem hafa verið notuð um rétt og rangt. Þótt þeim viðmiðum væri breytt leiðir það ekki sjálfkrafa og umsvifalaust til breytingar á viðhorfi okkar til tilbrigðanna – og fólksins sem notar þau.

Við þurfum að þora að [breyta stefnunni](#) – viðurkenna [tilbrigði](#) sem eiga sér langa sögu og eru útbreidd í málinu. Það er engin uppgjöf. En við þurfum ekki síður að hætta að dæma fólk eftir málfari, hvað þá að tengja málfar við andlegt eða líkamlegt atgervi fólks. [Mismunun eftir málfari](#) á ekki að viðgangast frekar en mismunun eftir kynferði, trú, stjórnmálaskoðunum, kynhneigð o.s.frv.

Íslensk málrækt felst í því að forðast að fordæma tilbrigði í máli sem fólk hefur tileinkað sér á máltökuskeiði og eru hluti af málkerfi þess

[Tilbrigði](#) í máli sem samræmast ekki hinum óopinbera [íslenska málstaðli](#) eru iðulega fordæmd og kölluð [málvillur](#), þrátt fyrir að talsverður hluti þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli – í sumum tilvikum [meirihluti](#) – noti þau. En hugum aðeins að því hvað við erum að segja með þessu. Erum við að segja að fólk sem elst upp í íslensku málumhverfi og tileinkar sér íslensku á máltökuskeiði kunnir ekki íslensku? Getur málbreyting sem á sér áratuga sögu í málinu og hefur náð til umtalsverðs hluta málnotenda verið villa? Auðvitað er ekki glóra í því.

Tungumál sem við tileinkum okkur á máltökuskeiði – [móðurmál](#) okkar – hefur algera sérstöðu. Það er hluti af okkur sjálfum, mikilvægur þáttur í [sjálfsmynd](#) okkar. Þess vegna er ótækt að innræta fólki, í skólum eða á öðrum vettvangi, að það mál sem það hefur alist upp við sé „rangt“ í einhverjum skilningi. Það er í raun og veru árás á okkur sjálf og fjölskyldu okkar ef okkur er [sagt](#) að mikilvægt sé „að lyfta þeim, sem ekki hafa átt nógu góðan „pabba og mömmu“ yfir málstig foreldranna“. Flokkun fólks eftir slíkum málfarsatriðum, t.d. á [prófum](#), er engu betri en mismunun eftir kynferði, skoðunum, trú, kynhneigð o.s.frv. sem er bönnuð í 65. grein [Stjórnarskrár](#).

Það er mjög brýnt að [breyta málstaðlinum](#) sem hefur gilt undanfarna öld, viðurkenna staðreyndir og gera [ýmsar breytingar](#) sem hafa verið í gangi, og verða ekki stöðvaðar, valkvæðar í staðlinum. Það gengur ekki endalaust að halda dauðahaldi í málfar sem er framandi fyrir stóra hópa fólks sem á íslensku að móðurmáli, og kalla málfar þess rangt. Jafnvel hörðustu málvöndunarmenn viðurkenna þetta: „Breytingin er orðin svo algeng, að viðurkenna verður hana sem rétt mál, hvað sem allri rökhyggju líður“ [sagði](#) Halldór Halldórsson prófessor um tiltekna málbreytingu.

En er þá ekkert [rétt og rangt](#) í máli? Jú – „rétt mál er það sem er í samræmi við málvenju, rangt er það sem brýtur í bága við málvenju“ segir í áliti [nefndar](#) um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum frá 1986. Í samræmi við þetta er alveg eðlilegt að gera athugasemdir við tilviljanakennd og einstaklingsbundin frávik frá staðlinum og kalla þau [málvillur](#), en ef frávikin eru farin að ná til hóps af fólki og börn farin að tileinka sér þau á [máltökuskeiði](#) er eðlilegt að tala um málbreytingu eða [tilbrigði](#) í máli en ekki villu.

Á hinn bóginn er eðlilegt og gagnlegt að nemendur séu fræddir um það í skóla hvað [hefur verið talið](#) rétt og hvað rangt, og gerð skýr grein fyrir því að í sumum tilvikum geti það komið sér illa fyrir fólk að hafa ekki vald á þeim tilbrigðum sem hafa verið talin „rétt“ og samræmast málstaðlinum. Nemendur hafa þá val um hvort þeir leggja það á sig að tileinka sér tilbrigði sem kunna að vera í ósamræmi við þeirra eigið mál. Aðalatriðið er, eins og Guðmundur Andri Thorsson hefur [sagt](#), að „íslenska er handa okkur [...]. Hún er ekki útlenska. Hún er innlenska“.

Íslensk málrækt felst í því að líta ekki niður á fólk sem talar ekki „réttá“ íslensku og hreykja sér ekki af eigin málfari og málkunnáttu

Tungumálið er áhrifamikið [valdataeki](#) og hægt að misbeita því á margvíslegan hátt til að gera lítið úr fólki. Það er vel þekkt að málfar fólks sem talar ekki samkvæmt [málstaðlinum](#) hefur verið notað á þennan hátt eins og Kristján Árnason [lýsir](#): „Það verða til um það dómar í samfélaginu hvað telst fagurt eða ljótt. Og einstaklingarnir eru vegnir og metnir eftir málfari sínu. Sá sem notar vont mál er ófínni, heimskari, eða jafnvel verri maður en sá sem notar gott mál. Sá sem er „ósýktur“ af þágufallssýki getur leyft sér að líta niður á þann sem er „þágufallssjúkur“.“

Sjálfst orðið, „[þágufallssýki](#)“, er vitanlega mjög gildishlaðið og í blöðum frá undanförunum áratugum má finna fjölmörg dæmi um ótrúlega fordóma gagnvart fólki sem er haldið þessari „sýki“. Í blaði frá 1954 er t.d. hneykslast á málfari og flutningi útvarpsþáttar og klykkt út með því að [segja](#): „Fyrir utan allt annað þjáðist flutningsmaður af magnaðri þágufallssýki. Svona manni ætti ríkisútvarpið ekki að hleypa að, það er blátt áfram skaðlegt máli og mennt.“ Svipuðu máli gegndi um þá málbreytingu sem ýmist var kölluð „[flámæli](#)“ eða „[hljóðvilla](#)“ – sem eru vitanlega gildishlaðin orð ekki síður en „[þágufallssýki](#)“.

Íslensk málfarsumræðu hefur löngum verið þessu marki brennd – full fordæmingar á málfari fólks, með gildishlöðnum orðum eins og *málvilla*, *mállýti*, *málskemmd*, *málsþjöll*, *málsþilling*, *málfirra*, og fleiri í sama dúr. Fólk var sagt tala *almúgamál*, *götumál* eða jafnvel *skrílmál*, vera *málsóðar*, *þágufallsjúkt*, *hljóðvillt*, *flámælt*, *gormælt*, *latmælt*, og meintum hnökrum á málfari þess var líkt við [lús í höfði](#), [falskan söng](#) og [illgresi](#). Það kom jafnvel fyrir að það væri notað gegn stjórnámálamönnum í pólitískri umræðu að þeir væru „[hljóðvilltir](#)“ eða „[þágufallssjúkir](#)“. Iðulega voru hin fordæmdu atriði tengd við [leti](#), [seinfærni í námi](#), [greindarskort](#) – og [Reykjavík](#).

Orðbragðið sem var notað um fólk sem tók þátt í málfarslegri umræðu var engu betra. Fólk sem aðhylltist meira frelsi í málfarsefnum var kallað *reiðareksmenn*, [lausungarsinnar](#) og jafnvel [fimmta herdeild](#); en það var ekki heldur saklaust af því að tala um andstæðinga sína sem *málfarsfasista*, *málfarslökkur*, *málfarsperra*, *málvendi* og *máleigendur*, og segja þá stunda *málveirufraði*. Sem betur fer er þessi orðræða að mestu horfin úr dagblöðum en hefur nú færst á netið og veður uppi á samfélagsmiðlum og í athugasemdadálkum vefmiðla.

Orðræða af þessu tagi er ólíðandi og þeim sem viðhafa hana til minnkunar. Hún er móðgandi og særandi – í raun [árás](#) á það mál sem fólk hefur tileinkað sér á máltökuskeiði, árás á sjálfsmynd þess. Og hún er sannarlega ekki til þess fallin að efla íslenskuna því að hún gerir fólk óöruggt og fælir það frá að nota málið – ýtir undir [málótta](#). Iðulega virðist tilgangurinn fremur vera að hreykja sér af eigin kunnáttu en leiðbeina öðrum. En það er aldrei vænlegt til árangurs að tala niður til fólks. Íslenska er nefnilega [alls konar](#) eins og áður hefur verið lögð áhersla á – og á að vera það.

Íslensk málrækt felst í því að nota íslensku í stað þess að skipta yfir í ensku í samskiptum við fólk sem vill og reynir að tala málið

Blaðið *Grapevine*, sem gefið er út á ensku í Reykjavík, hafði eitt sinn samband við mig og bað mig að svara spurningunni „[Why is Icelandic such a difficult language to learn?](#)“ eða „Hvers vegna er svona erfitt að læra íslensku?“. Þetta er goðsögn sem margir þekkja, að íslenska sé [með erfiðustu málum](#), en það fer reyndar að talsverðu leyti eftir [móðurmáli málnemans](#) og þeim tungumálum sem hann hefur haft kynni af. Íslenska er t.d. talin [tiltölulega erfið](#) fyrir fólk með ensku að móðurmáli enda hefur hún ríkulegar beygingar miðað við ensku, en slíkt ætti ekki að koma t.d. fólki af slavneskum uppruna á óvart. Íslenska er líka talin [erfið](#) fyrir margt fólk frá Asíu, sérstakleg ef það kann ekkert vestrænt tungumál.

Það eru vissulega ákveðin [sérkenni](#) í íslensku hljóðkerfi og setningagerð sem geta vafist fyrir útlendingum, en þegar á heildina er litið er varla hægt að segja að íslenska sé erfiðari en gengur og gerist um tungumál. En hitt er auðvitað rétt að mörgum útlendingum finnst [erfitt að læra íslensku](#) og hika við að tala hana við Íslendinga. Ein ástæðan fyrir því er örugglega sú að Íslendingar eru ekki – eða hafa ekki verið – sérlega [umburðarlyndir](#) gagnvart beygingarvillum, erlendum hreim, og öðrum merkjum um ófullkomna íslensku. Ísland var til skamms tíma eintyngt samfélag og við vorum þess vegna [ekki vön](#) því að heyra útlendinga reyna að tala málið og hætti til að gagnrýna tilraunir þeirra til þess harkalega.

Því er oft haldið fram að [nær allir Íslendingar kunni ensku](#) og þótt það sé sannarlega ofmælt er samt enginn vandi að búa í íslensku þjóðfélagi árum og jafnvel áratugum saman án þess að kunna íslensku því að enskan er alls staðar. Það getur auðvitað verið hentugt fyrir þá sem hingað koma, en ber í sér hættu fyrir íslenskuna. Það þýðir að þrýstingur á og [hvati til](#) að læra málið er ekki alltaf mjög mikill, a.m.k. ekki fyrir fólk í fullri vinnu sem það hefur nóg með að sinna. Við höfum ekki heldur staðið okkur nógu vel í að auðvelda fólki að læra málið. Málfærni fæst ekki nema með æfingu, og til að ná valdi á tungumáli þurfum við að fá tækifæri til að nota það við mismunandi aðstæður.

Útlendingar [kvarta](#) oft yfir því að það sé erfitt að [læra íslensku af Íslendingum](#) því að þeir skipta iðulega [yfir í ensku](#) þegar þeir átta sig á því að viðmælandinn talar íslensku ekki reiprennandi. Það stafar ekki alltaf af óþolinmæði eða hugsunarleysi, heldur virðist það stundum gert [á meðvitaðan hátt](#) til að gera lítið úr fólki og gefa því til kynna að það eigi ekki heima hér. Þetta þarf að [breytast](#) – við þurfum að auðvelda útlendingum að læra íslensku og nota hana á öllum sviðum, við þurfum að vera þolinmóðari og umburðarlyndari við fólk sem er að læra málið, og við þurfum að vera [jákvæð gagnvart allri íslenskunotkun](#), þótt [framburður sé ekki fullkominn](#), beygingar vanta stundum og setningagerðin sé óhefðbundin. Íslenska er alls konar.

Íslensk málrækt felst í því að láta aldrei skort á íslenskukunnáttu bitna á fólki eða nota hann til að mismuna því á ómálefnalegan hátt

Nú hafa verið kynnt [drög að frumvarpi](#) um að bæta í stjórnarskrá ákvæðinu „Íslenska er ríkismál Íslands og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda“, og samsvarandi ákvæði um íslenskt táknmál. Þótt engin ástæða sé til að amast við þessu er rétt að minna á að í [tillögum Stjórnlagaráðs](#) að nýrri stjórnarskrá er svohljóðandi ákvæði: „Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna [...] tungumáls [...]“. Í skýringum við þetta segir: „Þessu ákvæði er ætlað að útiloka mismunun gagnvart fólki sem talar annað mál en íslensku eða aðra mállýsku en þá sem ráðandi er í samfélaginu hverju sinni.“

Á seinustu árum hafa iðulega birst [fréttir](#) um að erlent afgreiðslufólk á hótelum, veitingastöðum og í verslunum verði fyrir aðkasti vegna skorts á íslenskukunnáttu. Það er vitanlega óviðunandi – barátta fyrir íslenskunni má aldrei snúast upp í [þjóðrembu](#) og hana má aldrei nota til þess að útiloka fólk á ómálefnalegan hátt eða gera með einhverju móti lítið úr því. Vissulega getur í sumum tilvikum verið málefnalegt að gera [kröfur](#) um [íslenskukunnáttu](#) „til að tryggja skilvirk samskipti við viðskiptavini, þar á meðal í störfum í þjónustugeiranum“, en þetta er viðkvæmt og vandmeðfarið mál.

Sú [hætta](#) er fyrir hendi að íslenskan verði notuð, meðvitað eða ómeðvitað, til að búa til [lagskipt þjóðfélag](#) þar sem annars vegar erum „við“, fólk sem ræður öllu í þjóðfélaginu, m.a. í krafti málfarslegra yfirburða, og situr að bestu bitunum hvað varðar menntun, tekjur o.s.frv. – og svo „hin“, fólk af erlendum uppruna, jafnvel önnur og þriðja kynslóð innflytjenda, sem hefur ekki gott vald á íslensku og kemst þess vegna hvergi áfram en situr eftir ómenntað í láglau nastörfum, áhrifalaust um umhverfi sitt og framtíð. Hugsanlega kæra sumir atvinnurekendur [sig ekkert um](#) að erlent starfsfólk þeirra læri íslensku því að þá gæti það farið að gera [meiri kröfur](#) og átta sig betur á réttindum sínum.

Ef fólk úr þessum hópi ætlar sér að taka virkan þátt í þjóðfélaginu, t.d. í stjórnmálum, fær það iðulega á sig [óvægna gagnrýni](#) vegna ófullkominnar íslenskukunnáttu. Fyrir utan þann skaða sem þetta veldur fólkinu sem í því lendir er þetta stórhættulegt fyrir lýðræðið og býr til jarðveg fyrir lýðskrum og öfgastefnur. Innflytjendur eru nú orðnir rúm [15% landsmanna](#) og það hefur vitaskuld áhrif á stöðu íslenskunnar sem til skamms tíma var einráð á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þessi breytta staða skapar spennu milli íslensku og ensku.

Við þurfum að finna leið sem tekur tillit til útlendinga og gerir þeim kleift að bjarga sér í samfélaginu, án þess að íslenskan verði ævinlega víkjandi. Það er ekki einfalt mál að halda íslenskunni á lofti, halda því til streitu að hún sé nothæf og [notuð á öllum sviðum](#), en jafnframt gæta þess að íslenskukunnátta og -færni sé aldrei notuð til að [mismuna fólki](#). Það er brýnt að [stjórnvöld](#) móti [stefnu](#) í þessum málum. Fólki sem ekki hefur íslensku að móðurmáli mun [fara fjölgandi](#) hér á landi á næstu árum og það er mikilvægt að það vilji læra íslensku – og eigi þess kost.

Íslensk málrækt felst í því að tala sem mest við börn á máltökuskeiði, lesa fyrir þau og með þeim, og vera þeim góð málfyrirmynd

Fyrstu árin í lífi okkar eru [máltökuskeið](#). Þá erum við að soga í okkur málið í umhverfi okkar, greina það – ósjálfrátt og ómeðvitað – finna kerfi og reglur í því, beita þessum reglum, og athuga – líka ósjálfrátt og ómeðvitað – viðbrögð umhverfisins við því sem við segjum. Iðulega reynast reglurnar sem við þóttumst finna ónákvæmar – of þröngar, of víðar eða gallaðar á annan hátt – en við endurskoðum þær þá út frá viðbrögðum umhverfisins. En til að við náum góðu valdi á þessu mikilvæga og stórkostlega tæki, tungumálinu, þurfum við að heyra það [sem mest](#) í umhverfinu (eða sjá, ef um tákni er að ræða).

Mikilvægasta máláreiðið fá börn í [samtölum](#). Það er grundvallaratriði að tala við barnið, gefa því færi á að svara, bregðast við svarinu, og skapa þannig gagnvirkni. Á máltökuskeiðinu þurfa börnin að hafa góðar [málfyrirmyndir](#) – foreldra, leikskólakennara og aðra í umhverfinu – sem sinna þeim, sýna þeim áhuga, og efla málþroska þeirra. Um [sex ára aldur](#) erum við flest komin með vald á meginþáttum málkerfisins en það táknar þó ekki að máltökunni sé lokið. Við eigum enn eftir að ná valdi á ýmsum flóknum atriðum og undantekningum, og við höldum vitanlega áfram að auka orðaforða okkar og tileinka okkur ýmis fíngerð blæbrigði í málnotkun langt fram eftir aldri – jafnvel ævina á enda.

Lestur fyrir börn og með þeim er mjög [mikilvægur](#) til að auka orðaforða barnanna og styrkja málkerfi þeirra. Þegar börn verða eldri og eru farin að lesa sjálf er mikilvægt að halda að þeim fjölbreyttu lesefni til að þau læri annars konar orðaforða en fæst með venjulegum yndislestri, og nái valdi á fjölskrúðugri og flóknari setningagerðum en notaðar eru í samtölum og afþreyingarefni. Þetta þarf að [kenna sérstaklega](#), með því að láta börn og unglinga lesa viðeigandi texta. Það þarf líka að stuðla að virkri og skapandi málnotkun barna og unglinga – hvetja þau til að skrifa sögur og hvers kyns texta.

Nauðsynlegt er að huga sérstaklega að börnum sem hafa annað heimilismál en íslensku. Til að eiga möguleika á að öðlast móðurmálsfærni í íslensku þurfa tvítýngd börn að verja [50% af vökutíma sínum](#) í íslensku málumhverfi. Íslenski skóladagurinn nær ekki þessu hlutfalli og tíminn sem börnin hafa með foreldrum sínum þegar þau koma heim er varla nógu langur til að byggja upp móðurmálsfærni í heimilismálinu heldur, auk þess sem trúlegt er að þau eyði talsverðum hluta hans í [enskum málheimi](#) – sjónvarpi, tölvuleikjum o.s.frv. Það er hugsanlegt að við séum að ala upp börn sem ekki ná móðurmálsfærni í [neinu máli](#). Það er mjög [alvarlegt](#).

Grundvöllur að framtíð íslenskunnar er lagður á máltökuskeiði. Það er ekkert jafnmikilvægt og samtal við fullorðið fólk til að byggja upp auðugt málkerfi og styrka málkennd barna. Þess vegna er [stytting vinnutímans](#) eitt af því mikilvægasta sem við getum gert til að styrkja íslenskuna – að því tilskildu að foreldrar verji auknum frítíma ekki í [eigin snjalltækjum](#) heldur til samveru og samtals með börnum sínum. Þannig stuðlum við að því að börnin okkar geti áfram notað íslensku á öllum sviðum – og vilji gera það.

Íslensk málrækt felst í því að veita ungu kynslóðinni hlutdeild í málinu – láta hana finna að hún hafi eitthvað um íslenskuna að segja

Í meira en þúsund ár var íslenskt þjóðfélag tiltölulega [stöðugt](#). Þetta var bændasamfélag þar sem kynslóðirnar bjuggu undir sama þaki og fengust í sameiningu við þau verk sem þurfti að sinna. Það var fátt um nýjungar í atvinnuháttum og hugmyndum og ef um eitthvað slíkt var að ræða náði það til allra aldurshópa. Reynsluheimur flestra var svipaður öldum saman og það þýddi vitanlega að sáralítill munur var á tungutaki og orðaforði ungs fólks og gamals – það komu engin ný umræðuefni til.

Nú hefur þetta gerbreyst eins og alkunna er og ekki þarf að útlista. Reynsluheimur ungs fólks er að verulegu leyti [annar](#) en þeirra sem eldri eru, og þá um leið málfar og orðaforði. Það leiðir til þess að fullorðna fólkið – sem ávallt er hinn sjálfskipaði dómari og ákveður viðmiðið – telur að málinu sé [alltaf að hraka](#), orðaforði skreppi saman og beygingar brenglist. Það hneykslast á því að unglíngarnir kunni ekki ýmis orð og orðtök sem tengjast [úreltum atvinnuháttum](#) í landbúnaði og sjávarútvegi en áttar sig ekki á – eða telur lítilsvert – að unglíngarnir kunna í staðinn ótal orð og orðasambönd sem tengjast þeirra eigin reynsluheimi.

Við erum alltaf að segja unglíngunum að nota íslensku, að þau beri ábyrgð á að vernda hana og varðveita – en við gefum þeim enga [hlutdeild](#) í henni. Þau eiga að nota íslenskuna eins og við viljum hafa hana, ekki eins og þeim er eiginlegt. Þau eiga að tileinka sér reglur sem samrýmast ekki málkennd þeirra. Þau eiga að tala eins og við en ekki eins og þau sjálf. En við þurfum að átta okkur á því og viðurkenna að við eigum íslenskuna [öll saman](#) – unga fólkið líka. Þess vegna má ungt fólk nota íslenskuna á sinn hátt.

Það kemur ekki í veg fyrir að við brýnum það fyrir því að fara vel með hana. En ef við látum alltaf eins og unga fólkið sé að skemma íslenskuna fyrir okkur hinum er ekki von til þess að það fái jákvætt [viðhorf](#) til hennar og rækti með sér áhuga á að skila henni áfram til sinna barna. Forsenda þess að íslenskan lifi áfram er auðvitað sú að nýjar og nýjar kynslóðir [vilji nota hana](#). En þá þarf hún að þjóna þörfum þeirra – gera þeim kleift að tala um [viðfangsefni sín og hugðar-efni](#) á þann hátt sem [þeim er eiginlegt](#), með þeim orðum og því málfari sem þær kjósa.

Það gerir hún ekki ef við leggjum áherslu á þekkingu á [orðum og orðasamböndum frá fyrri tíð](#) og reglur sem eru í [ósamræmi við málkennd fólks](#), t.d. um beygingar og fallstjórn. Þess í stað þarf að þjálfva nemendur á öllum skólastigum í að leika sér með málið, átta sig á fjölbreytileik þess, og reyna á sköpunarmátt þess. Ég efast ekki um að margir kennarar geri einmitt þetta. En hendur þeirra eru ansi bundnar meðan enn er verið að [prófa](#) í „réttu“ máli og „röngu“ og gömlum orðtökum. Hættum því – og ræktum málið þess í stað með því að leyfa því að leika lausum hala. Það margborgar sig.

Íslensk málrækt felst í því að krefjast þess og stuðla að því eftir mætti að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum, til allra þarfa

Umræða um ensk áhrif á íslensku hófst með bresku og síðar bandarísku hernámi á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Hún hefur verið viðvarandi síðan og stundum blossað upp af krafti, t.d. á tímum [Kanasjónvarpsins](#) upp úr 1960, og snerist lengst af um hugsanleg áhrif á form málsins – einkum orðaforða og setningagerð. Þótt sú umræða sé vissulega [enn í gangi](#) hafa áhyggjur fólks á seinustu árum fremur beinst að þeim möguleika að enskan yfirtaki heil svið og íslenskan hörfi.

Það svið sem helst hefur verið nefnt í þeirri umræðu er hinn sístækkandi stafræni heimur. Árið 1997 flutti ég erindi um upplýsingatækni og lítil málsamfélög, „[Informationsteknologien og små sprogsamfund](#)“, á norrænu málnefndadæpingi í Þórshöfn í Færeyjum. Þar var ég að velta fyrir mér hugsanlegum áhrifum þess á smáþjóðamál eins og íslensku ef málið yrði ekki nothæft innan tölvu- og upplýsingatækninnar og [sagði](#) í íslenskri frumgerð erindisins:

„Þarna er orðið mikilvægur þáttur í daglegu lífi venjulegs fólks, þar sem móðurmálið er ónothæft. Takið eftir að þarna er þrennt sem spilar saman, og það skapar hættuna. Um er að ræða mikilvægan þátt, en ekki eitthvert aukaatriði; þessi þáttur snertir daglegt líf, en kemur ekki bara fram einstöku sinnum, við einhverjar sérstakar aðstæður; og þetta á við venjulegt fólk, allan almenning, en ekki eingöngu sérfræðinga á einhverju þröngu sviði. Ég held að málið gæti varist samspili tveggja þessara þátta, en þegar allir þrír koma saman kann að vera hætta á ferðum.“

„Það er alþekkt að dauðastríð tungumála hefst einmitt þegar aðstæður af þessu tagi koma upp; þegar mál er ekki lengur nothæft við allar aðstæður í hversdagslegu lífi almennings. Móðurmálið verður þá víkjandi, það er aðeins hæft til heimabruks en ekki til neinna alvarlegra hluta. Við slíkar aðstæður hrekkur jafnvel ríkulegur bókmenntaarfur og öflugt nýyrðastarf skammt; málið á sér ekki viðreisnar von, og hlýtur að hverfa á tiltölulega stuttum tíma. Unga kynslóðin sér ekki lengur tilgang í að læra málið, heldur leggur alla áherslu á að tileinka sér erlent mál, enskuna væntanlega, sem best.“

Allt síðan þetta var hef ég verið þess fullviss að uppbygging íslenskrar máltækni væri ein helsta forsendan fyrir því að íslenskan gæti lifað til langframa. Nú er loks hafið [stórátak](#) á því sviði með framkvæmd [máltækniáætlunar](#), en í millitíðinni hafa [ýmsar aðrar ógnanir](#) komið til. Fyrir hrun var enska [vinnumál](#) hjá ýmsum íslenskum útrásarfyrirtækjum. Með sprengingu í komu erlendra ferðamanna hefur [enskunotkun í ferðaþjónustu](#) aukist gífurlega og hvers kyns [auglýsingum og merkingum á ensku](#) fjölgað, auk þess sem [fyrirtækjanöfn á ensku](#) blómstra sem aldrei fyrr. [Háskólakennsla á ensku](#) fer einnig smátt og smátt vaxandi.

Það er forgangsmál að vinna að því meginmarkmiði íslenskrar málstefnu að íslenska verði áfram [nothæf – og notuð – á öllum sviðum](#) samfélagsins, eins og kemur fram í [þingsályktun](#) um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi sem samþykkt var vorið 2019. Við berum öll ábyrgð á því að framfylgja þessari stefnu.

Íslensk málrækt felst í því að hlusta á íslensku, tala íslensku, lesa íslensku, skrifa íslensku – nota íslensku sem allra mest, á allan hátt

Á undanförunum öldum hefur íslenskunni margoft verið [spáð dauða](#), ýmist [hægum](#) eða [bráðum](#). Og engin furða – það er hreint [ekki sjálfgefið](#) að 350 þúsund manna þjóð eigi sér sjálfstætt tungumál sem sé notað á [öllum sviðum](#) þjóðlífsins, og [ýmislegt](#) bendir til þess að samfélags- og tæknibreytingar síðustu 10-15 ára valdi því að íslenskan gæti átt undir högg að sækja á næstu árum og áratugum.

Þótt það sé grundvallaratriði að gera fólki [kleift að nota íslensku](#) innan [tölvutækninnar](#), í [ferðabjónustunni](#) og á öðrum sviðum þar sem hún á í vök að verjast kemur það fyrir lítið ef fólk hefur ekki áhuga á að nota hana í raun, heldur [kýs fremur að nota ensku](#) á ákveðnum sviðum. Iðulega slettir fólk líka ensku að þarflausu, þótt til séu íslensk orð. Þetta er einkum óheppilegt í tali og skrifum í fjölmiðlum, þar sem búast má við að einhverjir áheyrenda eða lesenda skilji ekki orðin.

Það er nauðsynlegt að efla [vitund](#) fólks um mikilvægi þess að nota íslensku þar sem þess er kostur. Við sem búum í íslensku málsamfélagi notum málið vissulega yfirleitt á hverjum degi – heyrum það talað og tölum það sjálf. Með tilkomu samfélagsmiðla eru líka fleiri en áður sem lesa og ekki síst skrifa íslensku daglega, og það er mjög jákvætt. En íslenskan er miklu fjöl-skrúðugri en kemur fram í hversdagslegum samtölum eða skrifum á samfélagsmiðlum þar sem orðaforði er tiltölulega takmarkaður og setningagerð einföld.

Til að viðhalda íslensku sem menningarmáli og burðarási samfélagsins þurfum við að vera dugleg að nota hana á allan hátt – kynnast margvíslegum [málsniðum](#) og beita þeim. Við þurfum að tala um hugsanir okkar og hugðarefni, við þurfum að hlusta á íslensku í útvarpi, sjónvarpi, hlaðvarpi og öðrum miðlum, við þurfum að lesa bækur og blöð um margvísleg efni á íslensku, og við þurfum að þjálfa okkur í að móta hugsun okkar í orð, í flóknari texta en við skrifum dags daglega á samfélagsmiðlum. Við megum fyrir alla muni ekki [hræðast](#) að nota málið á þann hátt sem okkur er [eðlilegur](#), þótt það falli ekki alltaf að því sem okkur kann að hafa verið [kennt](#).

Það er [haft eftir](#) Jóni Árnasyni þjóðsagnasafnara að það hafi verið mesta gleði hans í lífinu að rekast hvergi á *Þjóðsögur* sínar öðruvísi en rifnar og skítugar, því að það sýndi hve mikið þær höfðu verið lesnar. Sama gildir um íslenskuna. Hún á ekkert að vera slétt og felld, laus við hrukkur og bletti. Við eigum að gleðjast yfir því að það sjáist á henni að hún sé notuð til [allra þarfa](#) – en öfugt við þjóðsögurnar verður notkunin ekki til að slíta henni upp til agna. Þvert á móti – það er notkunin sem heldur í henni lífinu og kemur í veg fyrir að hún verði að dauðum [safngrip](#). Íslenskan endurnýjar sig sjálf, ef við leyfum henni að gera það og sköpum henni skilyrði til þess. [Áfram íslenska!](#)